

REGLUR

um valdbeitingu fangavarða og starfsmanna Fangelsismálastofnunar og meðferð og notkun valdbeitingartækja og vopna.

1. gr.

Heimild til valdbeitingar.

Starfsmenn fangelsa og Fangelsismálastofnunar ríkisins mega nota vopn og valdbeitingartæki við skyldustörf í samræmi við reglur þessar. Aðeins þeir sem hafa hlotið þjálfun í notkun vopna eða valdbeitingartækja mega nota þau.

Ekki skal gripið til valdbeitingar samkvæmt reglum þessum nema nauðsyn krefji og stig valdbeitingar skal vera í samræmi við aðstæður hverju sinni.

2. gr.

Tilgangur valdbeitingar.

Einungis er heimilt að nota vopn og valdbeitingartæki í þeim tilgangi að:

- Koma í veg fyrir strok.
- Verjast yfirvofandi árás.
- Yfirbuga grófa mótspyrnu.
- Hindra að fangi skaði sjálfan sig eða aðra.
- Koma í veg fyrir skemmdarverk.
- Framkvæma fyrirskipaðar aðgerðir sem þörf er á að framkvæma þegar í stað og fangi hafnar eða lætur ógert að fylgja fyrirmælum um.

3. gr.

Þjálfun.

Þjálfun í notkun valdbeitingartækja og vopna skal vera hluti af námi í fangavarðafræðum. Aðrir starfsmenn fangelsa og Fangelsismálastofnunar ríkisins skulu fá grunnþjálfun í notkun valdbeitingartækja og vopna í undirbúningsnámskeiði fyrir fangavarðastarf.

4. gr.

Fjöttrar.

Fangelsismálastofnun ákveður notkun fjöttra til að hefta hreyfingar manna og hvernar gerðar þeir skuli vera. Fjöttrar eru eftirfarandi búnaður:

Handjárn: Fjöttrar úr málm sem ætlaðir eru til að hefta handahreyfingar.

Bensli: Plastbönd til að hefta hreyfingar manna á höndum og/eða fótum.

Fótajárn: Fjöttrar úr málm sem ætlaðir eru til að hefta fótahreyfingar manna.

Fjöttrar skulu vera til taks á varðstofu á sérstökum stað sem fljótlegt er að grípa til þegar þörf krefur.

Gera skal skýrslu í hvert sinn sem fjöttrar eru notaðir þar sem taka skal fram ástæðu, tímasetningu og tímalengd notkunar. Ekki er þörf á að gera skýrslu þegar um er að ræða flutning fanga.

5. gr.

Handjárn.

Daglegur öryggisbúnaður fangavarða er handjárn. Þau skulu vera í sérstökum handjárnvasa á buxum eða í jakkavasa.

Handjárn má nota á fanga sé ástæða til að ætla að hann muni reyna flóttu, beita ofbeldi eða valda sjálfum sér eða öðrum tjóni.

Handjárn má nota ef fangi er órólegur eða æstur eða ætla má að öryggi hans eða annarra verði ekki tryggt með öðrum hætti.

Að jafnaði skal handjárnna mann með hendur fyrir aftan bak þannig að lófarnir snúi út. Ekki skal handjárnna mann við annan mann og ekki skal handjárnna mann við fastan hlut nema sérstakar aðstæður krefjist þess.

Við flutning eða fylgd handjárnaðs manns skulu að jafnaði vera tveir fangaverðir. Handjárnaður maður skal ekki vera eftirlitslaus.

6. gr.

Bensli.

Um heimild og notkun bensla gilda sömu reglur og um handjárn.

Aðeins skal fjöttra menn á fótum með benslum ef rík ástæða er til svo sem ef hann er svo æstur eða órólegur að hann er sjálfum sér eða öðrum hættulegur.

7. gr.

Fótjárn.

Þegar brýna nauðsyn ber til er notkun fótjárna heimil við flutning á föngum sem öryggisráðstöfun ef rík ástæða er til t.d. vegna strokhættu eða hann er svo æstur eða órólegur að hann er sjálfum sér eða öðrum hættulegur.

8. gr.

Vopn.

Fangelsismálastofnun ákveður hvernig gerðar vopn fangavarða skuli vera. Þau vopn sem fangavörðum er heimilt að nota eru eftirfarandi:

Kylfur: Barefli til að yfirbuga menn eða verjast árás.

Úðavopn: Úðabrúsar sem innihalda táragas, CS, OC eða annað samkvæmt ákvörðun Fangelsismálastofnunar og ætlaðir eru til að yfirbuga einstaklinga í návígi.

Gera skal skýrslu í sérhvert sinn sem úðavopni eða kylfu er beitt. Þar komi fram ástæða notkunarinnar og hvernig vopninu var beitt og þær ráðstafanir sem síðar voru gerðar til þess að koma í veg fyrir skaða af völdum vopnsins.

9. gr.

Úðavopn.

Úðavopn eru hluti af búnaði fangavarða og skulu vera tiltæk á varðstofum fangelsa.

Bannað er að úthluta úðavopnum til annarra en þeirra sem hlotið hafa þjálfun í notkun þeirra og þeir einir mega nota úðavopn sem hlotið hafa slíka þjálfun.

Einungis skal nota úðavopn þegar vægari aðferðir duga ekki til þess að yfirbuga mótþróa manns. Þá er ávallt heimilt að nota úðavopn ef heimilt er að nota kylfu.

Varðstjóri eða yfirmaður á vakt skal taka ákvörðun um notkun úðavopns.

10. gr.

Fyrsta hjálp eftir notkun úðavopns.

Skola skal þann með vatni sem beittur er úðavopni. Fáir maður úða beint í augun af stuttu færi skal hann færður til lækni-sskoðunar ef batamerki koma ekki fljótlega fram. Ef úðavopni er beitt gegn fanga skal hann eiga kost á baði og hreinum fötum.

11. gr.

Kylfur.

Kylfur eru hluti af búnaði fangavarða og skulu vera tiltækar á varðstofum fangelsa.

Bannað er að úthluta kylfum til annarra en þeirra sem hlotið hafa þjálfun í notkun þeirra og þeir einir mega nota kylfur sem hlotið hafa slíka þjálfun.

12. gr.

Notkun kylfu.

Þegar aðrar vægari aðferðir duga ekki er fangavörðum heimilt að nota kylfu. Einungis er heimilt að nota kylfu þegar brýna nauðsyn ber til í eftirfarandi tilvikum:

- a. Til að hindra að fangi skaði sjálfan sig eða aðra.
- b. Þegar einhver reynir að hindra fangaverði við störf sín.

- c. Til að knýja fram hlýðni við skipun sem ekki er fylgt, enda sé nauðsynlegt að henni sé framfylgt tafarlaust.

Kylfu skal beita með þeirri aðgæslu að ekki hljótist meiri skaði af, meira hnjask eða meiðsl en þörf krefur. Fangaverðir skulu leitast við að hæfa handleggji og fætur. Ekki má beina höggi að höfði, hálsi, brjósti, nýrnasvæði eða hryggsúlu og forðast skal eftir megni að slá í liðamót. Ekki skal nota kylfu til stungu.

Varðstjóri eða yfirmaður á vakt skal taka ákvörðun um notkun kylfa.

13. gr.

Skráning vopna.

Hjá forstöðumönnum fangelsa skal haldin sérstök skrá um vopnaeign fangelsa. Í hana skrá forstöðumenn upplýsingar um vopn. Forstöðumaður skal fela einum starfsmanni að hafa eftirlit með vörslu, úthlutun og skráningu vopna. Sá starfsmaður ber ábyrgð á því að varslan sé trygg og vopnin í góðu lagi.

14. gr.

Afhending vopna.

Varðstjóri eða annar vakthafandi yfirmaður annast afhendingu vopna til fangavarða hverju sinni eftir þörfum.

Heimilt er með samþykki forstöðumanns að afhenda fangavörðum í sérstakri sveit vopn til varanlegrar varðveislu á meðan þeir gegna störfum í slíkri sveit.

15. gr.

Vopnum skilað.

Varðstjóri eða yfirmaður á vakt ber ábyrgð á því að öllum vopnum sem afhent eru vegna einstakra verkefna, skuli skilað þegar verkefninu er lokið.

16. gr.

Notkun annarra vopna.

Fangavörðum er óheimilt, nema í neyðartilvikum, að nota önnur vopn í starfi en þeim hefur verið úthlutað samkvæmt þessum reglum. Notkun eigin vopna, þótt þau séu sömu gerðar og þeim hefur verið úthlutað, er því að öllu jöfnu óheimil.

17. gr.

Notkunarleiðbeiningar.

Fangelsismálastofnun skal útbúa notkunarleiðbeiningar um vopn sem samþykkt eru til notkunar í fangelsum. Vopn skal því aðeins afhenda fangaverði að hann hafi fengið nægjanlega fræðslu og þjálfun í notkun þess og fengið afhentar notkunarleiðbeiningar um viðkomandi vopn.

18. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar eru settar með heimild í 3. gr. vopnalaga nr. 16/1998 og 11. gr. laga um fullnustu refsinga nr. 15/2016.

Reglurnar öðlast þegar gildi.

Dómsmálaráðuneytinu, 29. ágúst 2024.

Guðrún Hafsteinsdóttir.

Haukur Guðmundsson.